

363. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal C, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 21. nóvember 2024 kl. 12:00.



**Mætt:** Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Daníel Jakobsson, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Kári Mímísson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

**Á Microsoft Teams:** Elsa Nielsen, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Valdimar Leó Friðriksson.

**Forföll:** Viðar Garðarsson.

Forseti setti fund og stýrði honum.

#### Dagskrá:

##### 1. Formannafundur ÍSÍ

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir dagskrá og fyrirkomulag. Góð mæting er á fund með fulltrúum stjórnmalaflokkanna sem bjóða fram til Alþingiskosninga nú í lok mánaðar, sem fer fram á undan Formannafundinum. Kristján Kristjánsson fjölmiðlamaður mun stýra þeim fundi.

Á fundinum munu tveir vinnuhópar kynna stöðuskýrslur. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir mun skýra frá niðurstöðum vinnuhóps ÍSÍ um sjálfbæði og Ragnheiður Ríkharðsdóttir mun skýra frá stöðu mála varðandi vinnuhóp ÍSÍ um góða stjórnarhætti. Framkvæmdastjóri mun fara yfir stöðu annarra vinnuhópa. Helga Þórðardóttir lögfræðingur mun skýra frá vinnu við regluverk hreyfingarinnar og undirbúning lagabreytingatillagna fyrir Íþróttáþing ÍSÍ. Hanna Carla Jóhannsdóttir verkefnastjóri mun fara yfir stöðuna varðandi svæðisstöðvarnar, Vésteinn Hafsteinnsson mun fara yfir málefni afreksíþróttar og Hörður Þorsteinsson gjaldkeri stjórnar mun fara yfir fjármálalegar upplýsingar.

Rætt um stöðu nokkurra íþróttar, útbreiðslu þeirra og iðkenda fjölda, með það í huga hvort að þörf reynist á að óska eftir heimild frá Íþróttáþingi til stofnunar nýrra sérambanda á milli þinga (2025 – 2027).

##### 2. Fjármál

###### *Fjárlög 2025*

Rætt um heildarfjárframlög ríkisins til ÍSÍ fyrir næsta ár.

Við upphaf Formannafundar munu mennta- og barnamálaráðherra og forseti ÍSÍ undirrita samning mennta- og barnamálaráðuneytis við ÍSÍ um fjárframlög ríkisins fyrir árið 2025. Um er að ræða tímamótasamning þar sem fjárframlag til afreksstarfs hækkar um 637 milljónir á milli ára.

Umræður urðu um næstu skref varðandi útdeilingu viðbótarfjármagnsins en ætla má að einhver tími fari í að útfæra þau mál.

###### *Ferðasjóður íþróttafélaga - umsýsla*

Samþykkt samhljóða að nýta heimild í samningi við mennta- og barnamálaráðuneyti um að færa 3 milljónir króna af framlagi til sjóðsins vegna ársins 2024 til ÍSÍ vegna umsýslu sjóðsins, líkt og verið hefur gert í mörg ár.

###### *Fjármálaráðstefna ÍSÍ*

Rætt um ráðstefnuna sem fram fór 14. nóvember sl. Góð mæting var á ráðstefna og einnig fylgdust fjölmargir með streyminu. Fundarfólk var sammála um nauðsyn þess að halda slíkar ráðstefnur með jöfnu millibili því af nógu er að taka í málaflokkinum.

##### 3. Málefni afreksíþróttar

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um kostnaðarskiptingu í ólympískum verkefnum næsta árs. Hlutdeild ÍSÍ verður óbreytt í Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í byrjun næsta árs og eru viðkomandi sérsambönd upplýst um það. Taka þarf ákvörðun um kostnaðarhlutdeild ÍSÍ í Smáþjóðaleikunum í Andorra næsta vor og Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar næsta sumar. Horft er til þess að vera með óbreytta kostnaðarpátttöku en taka endanlega ákvörðun þegar áætluð skráning liggur fyrir. Jafnframt þarf að skoða þau viðmið sem sérsambönd setja varðandi þátttökukröfur. Vísað til framkvæmdastjóra og Afrekssviðs ÍSÍ að vinna áfram að málinu.

#### **4. Afrekssjóður ÍSÍ**

Daníel Jakobsson formaður sjóðsstjórnar fór yfir undirbúning fyrir næstu úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ. Tillaga um úthlutun er nánast fullunnin og er búist við því að málinu verði lokað innan skamms. Úthlutunin inniheldur ekki fjármagn úr viðbótarframlagi ríkisins sem nýlega var samþykkt. Umræður urðu um einstaka þætti varðandi úthlutun sjóðsins. Líklega mun verða boðað til auka stjórnarfundar innan skamms til að taka fyrir tillögu að úthlutun Afrekssjóðs.

#### **5. Svæðisstöðvar íþróttahéraða**

Mennta- og barnamálaráðuneyti hefur tilnefnt Óskar Þór Ármannsson sem fulltrúa ráðuneytis í stjórn Hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar. Stefnt er að því að auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum sem fyrst.

#### **6. Reglugerð ÍSÍ um fjárreiður.**

Hörður Þorsteinsson skýrði uppfærða tillögu að reglugerð ÍSÍ um fjárreiður.

Nokkrar athugasemdir komu fram á síðasta fundi framkvæmdastjórnar, sem nú hefur verið brugðist við.

Reglugerðin samþykkt samhljóða með örlítilli lagfæringu á 20. og 21. grein reglugerðarinnar þar sem tilvísun í bókhaldslykla íþróttahreyfingarinnar var ekki rétt.

Skrifstofu falið að birta reglugerðina á heimasíðu ÍSÍ.

#### **7. Uppfærð jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög**

ÍSÍ og Jafnréttisstofa unnu saman jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög fyrir nokkrum árum og nú hefur hún verið uppfærð og yfirfarin af báðum aðilum.

Áætlunin staðfest af hálfu framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Unnið er að uppfærslu á leiðbeinandi upplýsingum sem fylgja áætluninni en að því loknu verður hún verður kynnt með sameiginlegri fréttatilkynningu frá Jafnréttisstofu og ÍSÍ og birt á heimasíðu ÍSÍ.

#### **8. Erindi tennisfélaga um viðurkenningu ÍSÍ á padelíþróttinni**

Tekið fyrir erindi frá formönnum Tennisfélags Kópavogs, Tennisfélags Garðabæjar, Tennisfélags Hafnarfjarðar og tennisdeildar Hafna- og mjúkboltafélags Reykjavíkur ásamt 10 nafngreindum einstaklingum þar sem óskað er eftir því að ÍSÍ viðurkenni íþróttina padel. Aðstöðu fyrir íþróttina er að finna í Tennishöllinni og fyrirhuguð er frekari uppbygging á padelvöllum.

Padelíþróttin er viðurkennd í Finnlandi, Noregi, Danmörk og Svíþjóð og eru 42 þjóðir í Evrópu meðlimir að Alþjóðapadelsambandinu (International Padel Federation). Íþróttin er ört vaxandi á heimsvísu. Íþróttin starfar undir reglum Alþjóða lyfjaeftirlitsstofnunarinnar (WADA). Keppt var í padel á Evrópuleikunum 2023. Íþróttin er víða rekin í samstarfi við tennisíþróttina og jafnvel sem hluti af sérsambandi um tennis og padel (t.d. í Noregi).

Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkir íþróttina padel en skoða þarf nafn íþróttarinnar gagnvart íslenskum málvenjum.

#### **9. Heiðranir**

Á milli funda var samþykkt með rafrænum hætti að sæma Steinunni Huldu Magnúsdóttur hjá Umf. Hvöt, Blönduósi með Silfurmerki ÍSÍ. Merkið verður afhent á 100 ára afmælishátíð félagsins 23. nóvember nk. Samþykkt stjórnar bókuð hér með formlegum hætti í fundargerð.

## **10. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 362. fundar framkvæmdastjórnar ÍSí
- Fundar laganefndar frá 14. nóvember sl. – Tillögur nefndarinnar um afgreiðslu mála staðfestar.
- Fundar fjármálaráðs ÍSí frá 11. nóvember sl.
- 320., 321., 322. og 323. fundar Afrekssjóðs ÍSí. – Tillaga um niðurfellingu styrks í fundargerð 320. fundar staðfest.

## **11. Viðburðir framundan**

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru.

Garðar Svansson mun sækja afmælishátíð Umf. Hvatar á Blönduósi og annast afhendingu heiðursviðurkenningar.

## **12. Næstu fundir**

Næstu fundir eru dagsettir 5. desember nk. og 16. janúar nk. sem og mögulega aukafundur vegna úthlutunar úr Afrekssjóði ÍSí.

## **13. Önnur mál**

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari